

Nd.

366. Tillaga

til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að lána eigendum klæðaverksmiðjunnar á Álafossi allt að 100 þús. krónur, til að fullkomna verksmiðjuna á ýmsan hátt.

Lánið veitist gegn veði í verksmiðjunni og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, ávaxtist með 5% og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.